



Minjastofnun Íslands

Suðurgötu 39

101 Reykjavík

Akranesi, 16. desember 2015

1501415 RÁ/sas

**Efni: Vegna umsóknar um styrk vegna varðveislu Kútters Sigurfara.**

Bæjarráð Akraness hefur óskað eftir heimild Minjastofnunar Íslands til að fá að nýta 5 m.kr. styrk sem veittur var af Forsætisráðuneytinu til undirbúnings verkefnis til að rannsaka og varðveita heimildir um Kúttur Sigurfara. Styrkurinn verður nýttur til fyrsta áfanga verksins, þ.e. skipulagningar skráningarverkefnis. Stefnt verður að því að ráða verkefnastjóra sem undirbúi, skilgreini og stýri þessu verkefni og komi á formlegu samstarfi Akraneskaupstaðar og Byggðasafnsins í Görðum við sjóminjasöfn á Íslandi og á Norðurlöndum og við Þjóðminjasöfn Norðurlanda. Fagleg ráðgjöf frá Þjóðminjasafni Íslands verður veitt um hina mismunandi faglega verkþætti frá sjónarhóli þjóðminjavörslu. Ef styrkurinn fæst er áætlað að auglýsa eftir verkefnisstjóra í kjölfarið sem starfi í 5 mánuði í fyrsta áfanga verkefnisins. Starfslýsingin er eftirfarandi:

1. Skilgreina nánar rannsóknaraðferð til að varðveita heimildir um Kúttur Sigurfara, s.s. að taka skipið niður og skrá hluta þess. Skilgreiningin á rannsóknaraðferðinni verði unnin í nánú samstarfi við Þjóðminjasafnið og leitað eftir bestu fánlegu þekkingu á þessu sviði hjá sambærilegum söfnun erlendis.
2. Leita eftir samstarfi við Listaháskóla Íslands og aðra þá aðila sem kunna að hafa þekkingu og áhuga á að móta hugmyndir um listræna útfærslu á sýningu um Kúttur Sigurfara.
3. Setja upp verk- og tímaáætlun verkefnisins (rannsóknarinnar og sýningar) ásamt fjárhagsáætlun.
4. Sækja um styrki til þar til berra aðila, innlendra sem og erlendra.
5. Skrifa skýrslu til menningar- og safnanefndar, Minjastofnunar, Þjóðminjasafns og bæjarráðs Akraness með tillögum um framkvæmd og aðferðarfræði rannsóknarverkefnisins og



## Akraneskaupstaður

hugmyndum um sýningu. Í tillögu komi fram áætlun um kostnað ásamt verk-, tímaáætlun, sbr. liður nr. 3.

Gert er ráð fyrir að styrkurinn nýtist með eftirfarandi hætti:

- Laun og launatengd gjöld í 5 mánuði samtals 4 m.kr.
- Aðkeypt ráðgjöf samtals 500 þ.kr.
- Ferðakostnaður samtals 500 þ.kr.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

  
*Regína Ásvaldsdóttir*  
Regína Ásvaldsdóttir  
bæjarstjóri